

Meðfylgjandi er útstremisbókhald fyrir fiskimjölsverksmiðjur Ísfélags Vestmannaeyja á Þórshöfn og í Vestmannaeyjum. Um er að ræða núll-skýrslur þar sem engin losun er yfir viðmiðunarmörkum. Við gerð útstremisbókhaldsins var farið eftir reglugerð 990/2008 um útstremisbókhald. Fiskimjölsverksmiðjur Ísfélags Vestmannaeyja hf. hafa verið flokkaðar skv. lið 5 í viðauka I í reglugerð (EB) nr. 166/2006; "meðhöndlun úrgangs og skólps" og undirflokkinn e), "stöðvar þar sem tekið er móti skrokkum dýra og dýraúrgangi til förgunar eða endurvinnslu" og geta meðhöndlað 10 tonn á dag.

Við skoðun einstakra efna var haft til hliðsjónar efnalisti með viðmiðunarmörkum í viðauka II í reglugerð (EB) nr. 166/2006. Þau efni sem koma til greina til nánari skoðunar út frá flokkun starfseminnar voru fengin úr töflu í leiðbeiningarskjali fyrir reglugerð (EB) 166/2006 útgefið af European Commission og heitir "Guidance Document for the Implementation of the European PRTR", frá maí 2006. Úr töflunni voru síðan valin eftirfarandi efni sem talin voru eiga við starfsemi fiskimjölsverksmiðja Ísfélags Vestmannaeyja og losun þeirra sérstaklega skoðuð:

Í loft:

Koltvísýringur (CO₂)

Ammoníak (NH₃)

Köfnunarefnisoxíð (NO_x/NO₂)

Brennisteinsonoxíð (SO_x/SO₂)

Fjöldringa, arómatísk vetriskolefni (PAH) Agnir (PM10)

Í vatn:

Heildarköfnunarefní

Heildarfosfór

Heildarmagn lífræns kolefnis (TOC) (sem C alls eða COD/3)

Með kveðju,

Páll Höskuldsson
Efnaverkfræðingur, M.Sc
Umhverfismál